

Nr. 13/2022-2023.

Starfsreglur um breytingar á ýmsum starfsreglum kirkjuþings.

Starfsreglur um kjaranefnd þjóðkirkjunnar nr. 12/2021-2022.

1. gr.

Við 2. gr. starfsreglnanna bætist nýr 5. töluliður svo hljóðandi:

Að ákveða þóknun fyrir störf í nefndum, ráðum, starfshópum og teyllum á vegum þjóðkirkjunnar. Enn fremur ákveður nefndin þingfararkaup kirkjuþingsfulltrúa. Nefndin skal birta ákvarðanir sínar um þóknunir á opnu vefsvæði þjóðkirkjunnar.

Starfsreglur um þingsköp kirkjuþings nr. 11/2021-2022.

2. gr.

a. Orðið „kirkjuráðs“ í 2. másl. 5. mgr. 13. gr. starfsreglna um fellur brott.

b. 3. mgr. 12. gr. starfsreglna fellur brott.

c. Við 2. másl. 1. mgr. 20. gr. starfsreglnanna bætist nýr másl., 3. másl., svohljóðandi: Skylt er að leggja fram í þingnefndum hverjar þær upplýsingar sem óskað er eftir á þingfundi eða í nefndum, nema lög mæli á annan veg. 3. másl. verður 4. másl.

Starfsreglur um kirkjuþing nr. 10/2021-2022.

3. gr.

3. mgr. 6. gr. starfsreglnanna fellur brott.

Ákvæði til bráðabirgða

Ákvarðanir þóknunarnefndar Þjóðkirkjunnar, þ.m.t. ákvörðun sem gildir frá 1. apríl 2022, halda gildi sínu uns kjaranefnd Þjóðkirkjunnar hefur tekið nýja ákvörðun.

Gildistaka.

4. gr.

Starfsreglur þessar, sem settar eru með heimild í 8. gr. laga um þjóðkirkjuna nr. 77/2021, öðlast gildi við birtingu.

Samþykkt á kirkjuþingi í einni umræðu 24. október 2022 og birt á opnum vef kirkjunnar sama dag.

Drífa Hjartardóttir forseti kirkjuþings.